

---

## Djúpvegur, Leiti - Eyri og um Hattardalsá, Súðavíkurbreppi Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 20. desember 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða lagningu Djúpvegar frá Leiti að Eyri og um Hattardalsá, Súðavíkurbreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Súðavíkurbrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Djúpvegur, Leiti - Eyri og um Hattardalsá. Fyrirspurn um matsskyldu, desember 2017, ásamt kynningarskýrslu og teikningum.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Súðavíkurbreppi með tölvubréfi dags. 16. febrúar 2018.
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 19. janúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvubréfi dags. 8. janúar 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 11. janúar 2018.
- Skógræktinni með tölvubréfi dags. 9. janúar 2018.
- Landgræðslu ríkisins með tölvubréfi dags. 11. janúar 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 17. janúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 19. janúar og með bréfi dags. 29. janúar 2018.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Vegagerðin hefur tilkynnt endurbyggingu og nýbyggingu á tveimur framkvæmdasvæðum á Djúpvegi (61). Markmið framkvæmdarinnar er að stuðla að greiðari samgöngum innan Súðavíkurbrepps og auka umferðaröryggi.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði í þremur fjörðum í sunnanverðu Ísafjarðardjúpi, Hestfirði, Seyðisfirði og Álftafirði. Fyrirhuguð framkvæmd sé annars vegar á um 7 km löngum vegkafla, frá Leiti í Hestfirði að Eyri í Seyðisfirði, og hins vegar nýbygging rúmlega 2 km langs vegkafla í Álftafirði og gerð tvíbreiðrar brúar á Hattardalsá og eru tæplega 12 km á milli ofangreindra framkvæmdasvæða. Fram kemur að endurbyggður vegur verði hannaður fyrir 90 km/klst. hraða og öxulpunga 11,5 tonn. Vegurinn verði tvíbreiður alls 8 m, með 7 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Heildarlengd brúarinnar verði tæplega 19 m og heildarbreidd hennar 10 m. Vegurinn verði hærri en núverandi vegur og muni Djúpvegur stytast um 320 m við framkvæmdirnar, langhalli verði mestur 7,5% beggja vegna Eiðisins og beygjur verði víkkaðar. Fram kemur að gert sé ráð fyrir rofverðni til varnar ágangi sjávar sem verði samtals 1,85 km löng liggja meðfram veginum milli Leitis og Eyrar. Fram kemur að áætluð efnispörf vegna endurbóta



á veginum milli Leitis og Eyrar sé um 170 þúsund m<sup>3</sup> en um 60 þúsund m<sup>3</sup> vegna vegkaflans við Hattardalsá. Efnistaka vegna framkvæmdanna sé að mestu fyrirhuguð úr vegskeringum. Áætlað sé að efni í vegagerðina á milli Leitis og Eyrar verði eingöngu tekið úr skeringum, en efni í vegtengingar nýrrar brúar á Hattardalsá verði að mestu tekið úr skeringum. Engin efnistaka verði önnur en úr vegsvæðinu.

Fram kemur að núverandi vegur um Eiðið milli Leitis og Eyrar liggja á um tveggja km kafla innan svæðis á náttúruminjaskrá, Lambadalsfjall. Nýr og endurbyggður vegur muni liggja á sömu slóðum innan verndarsvæðisins en muni hliðrast lítillga til á tveimur stöðum vegna öryggissjónarmiða.

Í framlögðum gögnum kemur fram að núverandi vegur, byggður um 1970, sé víðast 4-5 m breiður og lagður einbreiðu slitlagi. Í Seyðisfirði sé vegurinn það mjór að á níu stöðum séu útskot til mætinga í vegköntum. Langhalli vegarins sé 10% þar sem hann liggja um Eiðið sem sé mesti halli vegar á leiðinni milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Beggja vegna Eiðisins séu hættulegar beygjur. Fram kemur að núverandi brú á Hattardalsá sé byggð árið 1956, 14 m löng, einbreið og illa farin. Fram kemur að umferð um veginn um Seyðis- og Álftafjörð hafi aukist nokkuð á undanfönum árum, hugsanlega vegna fjölgunar ferðamanna auk þess sem töluverð þungaumferð sé um veginn. Meðalhluftfall þungra bifreiða sé áætlað 8-12%. Fram kemur að 4 slys séu skráð á veginum milli Leitis og Eyrar á árunum 2010-2016 og 2 slys við Hattardalsá.

Fram kemur að á framkvæmdatíma einkennist umferð um svæðið af ferðafólki, gestum frístundahúsa og íbúum svæðisins. Þessir aðilar muni verða varir við hávaða og ryk, auk þess sem umferð um svæðið muni raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að núverandi Djúpvegur milli Leitis og Eyrar sem ekki nýtist áfram verði jafnaður út og svæðið mótað að landinu í kring. Núverandi brú á Hattardalsá muni standa áfram og verði afhent landeigendum til afnota. Vinnubúðir og vinnuaðstaða muni standa í 9-12 mánuði en verði fjarlægðar að framkvæmdum loknum.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Landslag

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að landslag á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði milli Leitis og Eyrar einkennist af litlu undirlendi undir bröttum fjallshlíðum þar sem stöku eyri liggja út í sjó. Fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á landslag þar. Í Hattardal einkennist landslagið af landbúnaði, þar muni ásýnd aftur á móti breytast töluvert þar sem ný brú muni liggja um 700 m neðar en núverandi brú, auk vega að henni sem á köflum muni liggja með sjónum.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að landslaginu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi þegar verið raskað með ræktun, beit og vegagerð. Þar sem nýr og endurbyggður vegur muni liggja um brattar fjallshlíðar og hæðótt land, hafi það í för með sér skeringar og fyllingar á vegsvæðinu. Mesta breidd skeringar sé um 27 m frá vegöxl, en einnig séu töluverðar skeringar við Eiðið um 20 m frá vegöxl þar sem þær séu breiðastar. Stærsta fyllingin sé í framhaldi af stærstu skeringunni og muni ná um 21 m frá vegöxl þar sem hún sé breiðust. Ástæðan sé lagfæringar á langhalla vegarins og víkkun á beygjum. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að skeringarnar verði mótaðar eftir landslagi en einnig þannig að hamlað sé gegn vindrofi. Framkvæmdaraðili muni stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði. Við frágang verði þess gætt að yfirborð skeringa falli sem best að aðliggjandi landi.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að áhrif framkvæmdarinnar á Lambadalsfjall verði að líkindum óveruleg þar sem núverandi vegi verði fylgt að mestu leyti þar sem hann liggja um jaðar verndarsvæðisins. Skeringar gætu orðið nokkuð áberandi en framkvæmdin sé að mestu leyti á



svæði sem þegar hafi verið raskað. Með góðri hönnun og vandvirkni við frágang megi draga verulega úr sjónrænum áhrifum þannig að áhrif á landslag ættu ekki að breytast mikið frá því sem nú er. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telji Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er ítrekað að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við hið skilgreinda framkvæmdasvæði. Nýr og endurbyggður Djúpvegur og brú á Hattardalsá verði hönnuð þannig að mannvirkin falli sem best að landslagi. Áhersla verði lögð á að skerða gróðurlendi sem minnst og að verktaki gæti þess að raska hvergi landi utan vegsvæðis. Allur akstur tækja verði bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að efnistökusvæðum. Röskuð svæði verði jöfnuð í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur. Áhersla verði lögð á að ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða og laga þau sem best að aðliggjandi landi.

Fram kemur að reynt verði að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Vandað verði til frágangs í lok framkvæmda og gengið þannig frá að ummerki um þær hverfi fljótt. Unnið verði samkvæmt verklagsreglum Vegagerðarinnar og gerðar verði kröfur til verktaka um frágang. Röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis og jarðvegi jafnað yfir. Frágangur verði í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

### **Leirur**

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Álftafirði muni fyrirhugað framkvæmdasvæði liggja um leirur á um 300 m löngum kafla og raska þeim á um 0,9 hektara svæði, en um sé að ræða vistkerfi sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Fram kemur að sjávarfitjar meðfram Hattardalsá liggja fyrir ofan framkvæmdasvæðið og muni framkvæmdir því ekki hafa bein áhrif á þær. Ný brú sé hönnuð til að tryggja full sjávarföll og ætti því hvorki að breyta vatnsskiptum ofan við brúna né hafa áhrif á fitjar innan við veginn. Meginhluti leirunnar sé fyrir utan fyrirhugaðan veg og muni því ekki raskast. Að áliti framkvæmdaraðila verði áhrif framkvæmdarinnar á leirur og sjávarfitjar á heildina séð lítil.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að við ósa Hattardalsár séu leirusvæði sem séu utan núverandi veglínu sem liggja hins vegar á stuttum kafla um fitjar. Fram kemur að stofnunin telji að þó að nýr vegur verði að mestu leyti í núverandi vegstæði muni hann þó verða nokkuð meira mannvirki og því ætti að leggja áherslu á að fella hann vel að landi.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að hún hvetji til þess að möguleikar á endurheimt votlendis vegna skerðingar þess við Hattardalsá verði skoðaðir.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að nýr vegur muni liggja um leirur Hattardalsár en fyrirhuguð framkvæmd muni hvorki raska votlendi né sjávarfitjum. Vegagerðin muni endurheimta votlendi í stað þeirra leira sem muni raskast. Ítrekað sé að full vatnsskipti um nýja brú verði tryggð svo áhrif á leirur umfram þær sem fari undir vegfyllingu verði óveruleg. Fram kemur að leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um endurheimt votlendis verði lagðar til grundvallar.

### **Gróður**

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Hestfirði muni veglínan hliðrast upp fyrir núverandi veg og muni þá liggja í jaðri birkikjarrs á um 700 m löngum vegkafla og raska því á 1,9 hektara svæði. Fram kemur að samkvæmt vettvangsathugun á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sé ekki um eiginlegan birkiskóg að ræða heldur birkikjarr og samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands sé kjarrskógavist trúlega sú vistgerð sem skilgreini svæðið best. Fram kemur að fyrir botni Seyðisfjarðar færist veglínan ofar í landið og liggja að mestu um lyngmóa. Stærð þess gróðurlendis sem þar raskist sé 1,4 hektarar. Undir Grjótdalshorni þar sem veglínan liggja um graslendi sé flatarmál gróðurlendis sem raskist 3 hektarar. Þar sé þó ekki um samfellda gróðurþekju að ræða. Við gróðurfarsrannsóknir hafi hvorki fundist plöntur á valista né sem teljist vera sjaldgæfar



á landsvísu. Fram kemur að við framkvæmdirnar verði reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst og röskuð svæði verði grædd upp í samráði við Skógræktina og aðra hlutaðeigandi aðila. Öllum jarðvegi sem finnst á yfirborði skeringa verði ýtt í haug áður en efnistaka hefjist og hann síðan nýttur við frágang. Skeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Frágangi þeirra verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og efni verði flutt til í jöðrum skeringa til að laga þær sem best að landi.

Landgræðsla ríkisins segir í umsögn sinni að huga þurfi að mótvægisáðgerðum vegna þeirrar skerðingar á gróðurvistkerfum sem framkvæmdin muni hafa í för með sér. Æskilegt væri að kortleggja gróðurfur þeirra framkvæmdasvæða þar sem vikið sé frá núverandi veglínu á sambærilegan hátt og gert hafi verið við Hattardalsá svo gerð og flatarmál gróðurlenda liggi sem nákvæmast fyrir. Við skipulagningu mótvægisáðgerða sé æskilegt að svarðlag sem til falli í vegstæði verði nýtt við frágang svæða því það geti auðveldað endurheimt staðargróðurs til muna.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að haft hafi verið samráð við skógræktar-ráðgjafa hjá Skógræktinni og muni hann taka að sér mælingar á skógareyðingu, mögulegum mótvægisáðgerðum og endurheimt skóglendis, auk mælinga á því birkikjarri sem til standi að ryðja burtu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Skógræktin segir í umsögn sinni að samkvæmt Skógræktarlögum nr. 3/1955 verði sá *sem höggvi skóg eða kjarr að skuldbinda sig til þess að græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði eða semja um slíkar mótvægisáðgerðir* við t.d. Skógræktina. Það dugi því ekki að græða röskuð svæði heldur þurfi að græða upp svæði a.m.k. jafnstóru svæðinu sem hverfi undir vegstæðið. Fram kemur að Skógræktin telji að ekki komi nákvæmlega fram hversu stórt hlutfall skógar/kjarris muni eyðast miðað við það sem raskast og hægt verði að græða upp. Skógræktin leggi til að samið verði við skógræktarráðgjafa á Vestfjörðum um mælingar á skógareyðingu og mögulegar mótvægisáðgerðir vegna þeirra. Hún óski auk þess eftir því að mæla birkikjarrið sem til standi að ryðja áður en framkvæmdir hefjist. Verkefnið *Íslensk skógarúttekt (ÍSÚ)* sjái um að halda til haga og uppfæra upplýsingar á landsvísu um skóglendi Íslands og spá fyrir um þróun þess til framtíðar. Þessar upplýsingar séu nauðsynlegar í gagnagrunn þeirra.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að gróðurkortlagningin við Hattardalsá hafi verið gerð vegna fyrirhugaðra breytinga á legu nýs vegar og nýrrar brúar. Auk þess sem fyrirhugaður nýr vegur og brú um Hattardalsá muni liggja um leirur sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Eins og fram komi í kynningarskýrslu framkvæmdarinnar muni fyrirhugaður nýr vegur milli Leitis og Eyrar víkja frá núverandi veglínu á þremur stöðum. Á einum þessara staða, við Nóná í Hestfirði, muni ný veglína liggja í jaðri birkikjarris sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Vegna þess hafi framkvæmdaraðili haft samráð við Skógræktina sem muni gera mælingar á skógareyðingu, koma með tillögur að mótvægisáðgerðum og endurheimt, auk þess að mæla það birkikjarr sem til standi að ryðja burtu. Á hinum tveimur stöðunum, fyrir botni Seyðisfjarðar og undir Grjótdalshorni, telji framkvæmdaraðili ekki vera þörf á gróðurkortlagningu. Um sé að ræða raskað land sem sé einungis gróið að hluta. Í sambærilegum verkefnum hafi ekki verið talin þörf á því. Framkvæmdaraðili ítreki að breidd veghelgunarsvæðis Djúpvegar sé 60 m. Þá sé tilfærsla vegarins það lítil á þessum stöðum að ekki sé talin þörf á breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurbrepps vegna hennar. Fram kemur að svarðlagi og öðrum jarðvegi sem til falli verði haldið til haga og jafnað yfir skeringar og annað rask í verklok. Röskuð svæði verði jöfnuð og grædd upp í samráði við Landgræðslu ríkisins og Skógræktina.



## Vatnafar

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að landeigendur hafi engar sagnir um veiði úr Hattardalsá. Ræsi verði staðsett þar sem búast megi við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem vatnsfarvegir geti myndast í leysingum að vori og þegar úrkoma sé mikil. Ræsum verði enn fremur komið fyrir þar sem hætta sé á að vatn geti safnast við veginn.

Fiskistofa bendir í umsögn sinni á að ekki komi skýrt fram hvort vegagerð, brúargerð eða efnistaka kunni að hafa áhrif á lífríki Hattardalsár eða ósa hennar. Ekki komi heldur fram hvort framkvæmdirnar kunni að hafa áhrif á lífríki Seljalandsár. Ljóst sé að ekki séu miklir veiðihagsmunir á svæðinu og engin starfandi veiðifélög. Fram kemur að framkvæmdaraðili þurfi að sækja um leyfi vegna framkvæmdanna til Fiskistofu í samræmi við lög um lax- og silungsveiði en láðst hafi að geta þess í kynningarskýrslu. Fram kemur að með tilliti til veiðihagsmuna telji Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að sótt verði um leyfi til Fiskistofu áður en framkvæmdir hefjist.

## Menningarminjar

Fram kemur að 56 fornminjar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar hafi verið skráðar og rannsaka þurfi sex þeirra nánar. Niðurstöður skráningarinnar hafi birst í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða. Flestum minjanna sé hægt að hlífa við raski með mótvægisáðgerðum og framkvæmdaraðili hafi haft samráð við Minjastofnun um þær. Fram kemur að samið hafi verið við Náttúrustofu Vestfjarða um rannsóknir og séu þær fyrirhugaðar áður en framkvæmdir hefjist. Fornleifar sem séu innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar verði merktar eða girtar af áður en framkvæmdir hefjist. Öll umferð vinnuvéla verði bönnuð innan þeirra svæða. Þá verði óleyfilegt að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur í grennd við fornleifar. Ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar á svæðinu á framkvæmdatíma, verði haft samráð við minjavörð Vestfjarða varðandi aðgerðir

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Nú þegar liggja fyrir kröfur um mótvægisáðgerðir frá minjaverði Vestfjarða. Fram kemur að Minjastofnun telji að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 1999 - 2018, nema nýtt og staðfest Aðalskipulag Súðavíkurrepps 2018-2030 liggja þá fyrir.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Súðavíkurrepps samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda sem eru nær veiðivatni en 100 m, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, auk leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, sem framkvæmdaraðili hefur þegar sótt um.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbyggingu og nýbyggingu á tveimur framkvæmdasvæðum á Djúpvegi (61), á vegkafla milli Leitis og Eyrar annars vegar og um Hattardalsá hins vegar. Framkvæmdin er



tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þau varða eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfang framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæðum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði mun liggja um Hestfjörð, Seyðisfjörð og Álftafjörð í sunnanverðu Ísafjarðardjúpi. Framkvæmdin verður annarsvegjar endurbygging á 7 km löngum vegkafla, frá Leiti í Hestfirði að Eyri í Seyðisfirði, og hins vegar nýbygging brúar á Hattardalsá og 2 km vegkafla í Álftafirði. Gert er ráð fyrir samtals 1,85 km langri rofvoörn til varnar ágangi sjávar meðfram veginum milli Leitis og Eyrar. Tæplega 12 km eru á milli framkvæmdasvæðanna.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á landslag, leirur, gróður og menningarminjar.

#### **Eðli framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Áætluð efnistaka vegna endurbóta á veginum milli Leitis og Eyrar er um 170 þúsund m<sup>3</sup> en um 60 þúsund m<sup>3</sup> vegna vegkaflans við Hattardalsá, samtals 230 þúsund m<sup>3</sup>. Áætlað er að efni verði eingöngu tekið úr vegsvæðinu, að mestu úr skeringum.

Nýr vegur mun að mestu leyti fylgja núverandi vegi en verður hliðrað á nokkrum stöðum. Mest er hliðrunin við Hattardalsá um 700 m. Það er því að litlu leyti verið að taka ósnortið land undir mannvirki. Áhrif framkvæmdarinnar á Lambadalsfjall verða að líkindum óveruleg þar sem núverandi vegi verður fylgt að mestu leyti. Draga má verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmda með hönnun sem fellir mannvirkin vel að landi og með vönduðum frágangi. Framkvæmdaraðili hefur ítrekað að röskun á landi verði haldið í lágmarki og mannvirkin verði hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi.

#### **Staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati þarf að athuga hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sem og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar m.a. með tilliti til getu til endurnýjunar náttúruauðlinda og þess hvort fyrirhuguð framkvæmd sé á svæði sem nýtur verndar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar og eiginleika hugsanlegra áhrifa, m.a. tímalengdar og óafturkræfi áhrifa.

Núverandi vegur um Eiðið liggur á 2,1 km kafla innan svæðis á náttúruminjaskrá. Nýr og endurbyggður vegur mun liggja á sömu slóðum innan verndarsvæðisins en mun hliðrast lítilla til á tveimur stöðum.

Fyrirhuguð framkvæmd mun raska leirum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Brýnt er að Vegagerðin endurheimti sambærilegt votlendi og birkikjarr sem mun skerðast með framkvæmdunum og hafi um það samráð við Landgræðslu ríkisins, Skógræktina og Umhverfisstofnun líkt og fyrirhugað er. Áformað er að jafna og græða upp röskuð svæði í samráði við Landgræðslu ríkisins og Skógræktina og svarðlag/jarðvegur sem til fellur við framkvæmdirnar verður nýttur til að fella þær sem best að umhverfinu.



Vegagerðin áformar að efnistaka verði eingöngu úr vegsvæðinu í samráði við Umhverfisstofnun.

Fornleifar hafa verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og nú þegar liggja fyrir kröfur um mótvægisaðgerðir frá minjaverði Vestfjarða sem fylgt verður eftir áður en framkvæmdir hefjast.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum verði þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð lagning Djúpvegur, Leiti - Eyri og um Hattardalsá sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. mars 2018.

Reykjavík, 19. febrúar 2018.

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir